# Þjóðaratkvæðagreiðsla

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir <eis@dalvikurbyggd.is>;sveitarstjori <sveitarstjori@grenivik.is>;Margrét Hólm Valsdóttir <margret.holm@thingeyjarsveit.is>;Bergþór Bjarnason <bergthor@nordurthing.is>;Berglind Ósk Guðmundsdóttir <berglind.osk@akureyri.is> |
| **Frá** | : | Svavar Pálsson - SMNE <svavar.palsson@syslumenn.is> |
| **CC** | : | Kristín Helga Hauksdóttir - SMNE <kristin.helga.hauksdottir@syslumenn.is>;Hulda Sif Hermannsdóttir <huldasif@akureyri.is> |
| **Heiti** | : | Þjóðaratkvæðagreiðsla |
| **Málsnúmer** | : | 2603018 |
| **Málsaðili** | : | Þingeyjarsveit |
| **Skráð dags** | : | 10.06.2026 17:09:15 |
| **Höfundur** | : | Svavar Pálsson - SMNE <svavar.palsson@syslumenn.is> |
| **Viðhengi** | : | image001.jpg |

Góðan daginn

Þessi póstur er sendur sveitarfélögunum**Dalvíkurbyggð, Grýtubakkahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og Akureyri.**

Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram hinn 29. ágúst nk.

Á vettvangi sýslumannsembættisins hefst atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á Akureyri, Húsavík, Siglufirði og Þórshöfn mánudaginn 27. júlí 2026.

**Atkvæðagreiðsla kjörstjóra sýslumanns á vettvangi sveitarfélaganna:**
Upphaf sérstakrar utankjörfundaratkvæðagreiðslu í samstarfi við sveitarfélögin hefst eigi síðar en mánudaginn17. ágúst nk.

Gera þarf ráð fyrir sambærilegri framkvæmd og liðin ár, þar sem boðið er uppá atkvæðagreiðslu í húsnæði á vegum sveitarfélaga, enda skipi sýslumaður kjörstjóra að ósk sveitarstjórnar, sem getur verið starfsmaður sveitarfélags, til þess að annast atkvæðagreiðslu.

Með vísan til viðtekinnar framkvæmdar er þess hér með farið á leit að sveitarstjórnir**Dalvíkurbyggðar, Grýtubakkahrepps, Þingeyjarsveitar, Norðurþings** (vegna kjörstaða á Kópaskeri og Raufarhöfn) **og Akureyrar**(vegna kjörstaða í Hrísey og Grímsey) upplýsi embættið um afstöðu sína til áframhaldandi samstarfs.
Samhliða óska ég upplýsinga ummöguleg kjörstjóraefni og minni á reynslumikið starfsfólk í ykkar röðum, síðast vegna sveitarstjórnakosninga í maí sl.
Minni jafnframt á aðósk sveitarstjórnar er forsenda skipunar kjörstjóra sýslumanns skv. framangreindu. Að endingu bið ég ykkur að hafa í huga þau atriði sem kunna að hafa áhrif hæfi þeirra.

Áformað er að nánari undirbúningur, s.s. skipun kjörstjóra, leiðbeiningar og afhending kjörgagna, eigi sér stað í fyrri hluta ágústmánaðar, en almennt er ráðgert að samstarf embættisins og sveitarfélaganna standi í tvær vikur fram að kjördegi eins og sl. vor.

Með ósk góðar viðtökur og kærri þökk fyrir samstarf liðinna ára.

Með kveðju / Best regards
**Svavar Pálsson, sýslumaður / district Commissioner**
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra / District Commissioner of North-east Iceland
*Akureyri • Húsavík • Siglufirði • Dalvik • Þórshöfn*
Sími / Tel.: +(354) 458 2600
Settur sýslumaður á Austurlandi / District Commissioner of East Iceland
*Seyðisfirði • Egilsstöðum • Eskifirði • Vopnafirði*
Sími / Tel.: +(354) 458 2700

Vefur / URL: www.syslumenn.is • Fyrirvari/Disclaimer

## Afgreiðslutími

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-15:00
Föstudaga: 09:00-14:00

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing